

Pinggerð

13. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið þann 25. febrúar 2023 og hófst þinghald kl.15.

1. Þingsetning

Gry Ek Gunnarsson formaður KRAFT bauð fundarmenn velkomna á ársþingið.

Ársþingið hófst að vanda á að heiðra kraftlyftingafólk ársins og stigahæstu liðin í kvenna- og karlaflokki.

Stigahæsta kvennaliðið er Lyftingafélag Kópavogs (147 stig).

Stigahæsta karlaliðið er Massi (203 stig).

Kraftlyftingakona ársins er Kristín Þórhallsdóttir (KRA). Kristín tók við viðurkenningunni og Gry las upp afrek Kristínar á sl. ári.

Kraftlyftingakarl ársins er Guðfinnur Snær Magnússon (BRE). Gry las upp afrek Guðfinns á sl. ári.

2. Kosning þingforseta og varapringforseta

Formaður KRAFT lagði til að Sigurjón Pétursson yrði kosinn þingforseta og Helgi Hauksson til vara. Báðir eru réttkjörnir.

Þingforseti kom í pontu, þakkaði traustið.

Þinggerð síðasta kraftlyftingapings hefur legið frammi á vefsíðu KRAFT og var send öllum aðilum.

3. Kosning þingritara og varapringritara

Lögð fram tillaga um Laufeyju Agnarsdóttur sem þingritara og Maríu Guðsteinsdóttur til vara. Laufey og Þórunn voru réttkjörnar.

4. Staðfesting á lögmæti þingsins

Fyrsta og annað þingboð voru send með löglegum fyrirvara. Fyrra þingboð var sent í tölvupósti dagsettur 14. janúar og síðara þingboð í tölvupósti dagsettur 10. febrúar. Rétt til þingsins hefur verið boðað og því úrskurðað lögmætt.

5. Kosning kjörbréfanefndar

Gerð var tillaga um að Þórunn Brynja Jónasdóttir, Lára Bogey Finnbogadóttir, og Auðunn Jónsson tækju sæti í kjörbréfanefnd. Ekki voru aðrar tilnefningar og þau því réttkjörin.

6. Skýrsla fráfarandi stjórnar

Gry Ek Gunnarsson, formaður KRAFT, las upp skýrslu stjórnar.

Hana má finna á heimasíðu KRAFT :

<http://kraft.is/wp-content/uploads/2023/03/skyrsla22.pdf>

7. Ávörp gesta

Andri Stefánsson frkv.stj. ÍSí og Ingi Þór Ágústsson, meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSí, voru gestir kraftlyftingabings. Ingi Þór flutti ávarp. Andri tók við keflinu af Inga Þór og sæmdi Helgi Hauksson gullmerki ÍSí. Gestir stóðu á fætur og fögnuðu.

8. Álit kjörbréfanefndar lagt fram til samþykktar

Formaður fór yfir hvaða tölur eru á bak við atkvæðin þ.s. nýtt skráningarkerfi ÍSí var tekið í notkun á sl. ári. Andri frkv.stj. ÍSí notaði tækifærið og ítrekaði við félög mikilvægi þess að vanda hvað fer inn og út af skráningarkerfinu á hverju ári.

Send voru út kjörbréf fyrir 42 atkvæði og voru 25 atkvæði mætt á þingið.

Engin mótmæli við talningu atkvæða.

9. Endurskoðaðir ársreikningar KRAFT fyrir árið 2022

Aron Ingi Gautason gjaldkeri KRAFT fór yfir endurskoðaða ársreikninga ársins 2022 með hliðsjón af ársreikningum 2021. Stílltur upp af skoðunarmanni félagsins Magnúsi Magnússyni viðskiptafræðingi og yfirfarinn af kosnum skoðunarmönnum.

Ársreikninga má finna á heimasíðu KRAFT :

<https://kraft.is/wp-content/uploads/2023/03/Arsreikningur-2022.pdf>

10. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga og reikningar bornir undir atkvæði

Andri frkv.stj. ÍSí kom í pontu og upplýsti við þetta tækifæri að ÍSí mun gera kröfur til sérsambandanna að skoða við gerð ársreikninga hverníð fjárhagsáætlunin var árinu á undan, skoða hlið við hlið.

Ársreikningar 2022 bornir upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Fjárhagsáætlun KRAFT fyrir næsta starfsár

Aron Ingi gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs. Nokkrar spurning komu úr sal; kostnaður við landslið unglunga og kostnaður við búnað. Gjaldkeri fór í gegnum breytingar með „sub-junior“ flokkinn en hann mun keppa á NM en ekki á öðrum alþjóðamótum (nema stjórn KRAFT samþykki annað). Kostnaður vegna búnaðs er m.a. vegna dómara ljósa, fatnaður landsliðs.

Fjárhagsáætlun 2023 bornir upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Tillögur að laga - og reglugerðarbreytingum

Tvær tillögur um breytingar liggja fyrir. Báðar verið sendar út og kynntar.

Fyrri tillaga snýr að breytingu á 6. og 8. grein laga Kraftlyftingasambands Íslands. Formaður fór yfir breytingar sem snúa að orðalagi og vísun í skilakerfi ÍSí.

Breytingar á 6. og 9. grein voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Seinni tillaga snýr að breytingu á reglugerð um mótareglur í kraftlyftingakeppni. Þingforseti las upp breytingatillögu sem snýr að keppnisfyrirkomulagi. Hefð er fyrir því að kvennaflokkar (og stundum léttari karlaflokkar) hefji mót og karlaflokkar keppi seinna um daginn. Breytingartillaga leggur til að mót (skv. mótaskrá) skiptist á að byrja keppni með kvennaholl eða karlaholl. Það er ekkert í reglugerð sem segir til um að kvennaflokkar eigi alltaf að byrja, þ.e. mótahaldara að ráða en hefðin hefur verið sú að kvennaflokkar byrja alltaf.

Samþykkt að tillaga (breyting í reglugerð) verði tekin fyrir á fyrsta fundi nýrrar stjórnar KRAFT.

13. Ákvörðun um þáttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils

Stjórn leggur til að gjaldið verði óbreytt, 7500 kr fyrir þríþrautarmót og 6000 kr. fyrir staka grein.

Samþykkt með meirihluta.

14. Kosning formanns, stjórnar KRAFT, tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara, og fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSÍ í samræmi við lög ÍSÍ

Í framboði til formanns voru tveir en annar dró framboð sitt til baka.

Nýr formaður er því sjálfkjörinn, Hinrik Pálsson.

Endurkjörinn meðstjórnandi : Auðunn Jónsson

Nýir meðstjórnendur : Kristleifur Andrésón og María Guðsteinsdóttir

Núv. meðstjórnendur : Aron Ingi Gautason, Þórunn Brynja Jónasdóttir og Laufey Agnarsdóttir.

Meðstjórnendur eru sjálfkjörnir í stjórn.

Skoðunarmenn: Aðalmenn: Helgi Briem, Ármanni og Ari Kárasón, KFR
Varamenn: Róbert Kjara, Breiðabliki og Gunnlaugur Olsen, Massa. Engin mótframboð og skoðunarmenn / varamenn því réttkjörnir.
Fulltrúar á þing ÍSÍ – Lagt til að það séu formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Engin mótframboð og því þeir fulltrúar samþykktir.

15. Önnur mál

Skráningarkerfi ÍSÍ

Keppndur á mótum þurfa að hafa verið skráðir amk 3 mánuði fyrir keppni. Er ekki að virka sem skyldi á Sportabler (skráningarkerfi ÍSÍ). Unnið er að lagfæringum. Meðan þetta er staðan þarf skjáskot af skráningu keppenda í Sportabler að fylgja með skráningu. Þetti gildir aðeins um nýliða og ef félagaskipti hafa átt sér stað.

Kraflýftingar og klassískar kraftlýftingar - Orðaval

Stjórn óskaði eftir umræðu um orðaval. Lífleg umræða varð um málið. Ekki voru fundargesti á einu máli hvað er rétt. Stjórn benti á að IPF hefur breytt sínu orðavali og notar „equipped powerlifting“ og „classic powerlifting“ . Skv. því ætti íslenskan að nota kraftlýftingar í búnaði (eða

búnaðarkraftlyftingar) og klassískar kraftlyftingar. Kraftlyftingar í búnaði hafa átt undir högg að sækja undanfarin ár. Næstu World Games verða t.d. með bæði kraftlyftingar í búnaði og klassískar kraftlyftingar.

Skipulag móta vegna fárra keppenda í búnaði.

Stjórn óskaði eftir umræðu um málið. Gríðarlegur munur er á keppendafjölda í klassískum mótum og búnaðarmótum. Umræða varð um hvort fækka ætti mótum í búnaði til að fjölga keppendum. Engin niðurstaða en verður áfram í skoðun hjá stjórn KRAFT.

Pakkir

Nýr formaður, Hinrik Pálsson, afhenti Gry Ek fráfarandi formanni blómvönd frá stjórn KRAFT með kærri þökk fyrir frábært starf og einstaklega gott samstarf. Við tækifærið fór Gry stuttlega yfir sögu sína með KRAFT, þakkaði fyrir sig og gagnkvæmt traust og vináttu.

16. Þingslit

Nýr formaður KRAFT þakkaði fundarmönnum og sleit þingi kl. 17.03.

Laufey Agnarsdóttir, þingritari

Sigurjón Pétursson, þingforseti